

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 þann 09.10.24. Breytingin nær til Samfélagsþjónustusvæðinu S1 Hrafnista og Opins svæðis OP1.

Breyting: Samfélagsþjónustusvæðið S1 stækkar um 0,12 ha og OP1 minnkar um 0,12 ha.

Ástæður breytingarinnar: Ástæða fyrir breytingunni er að stækka þarf lóðina Hraunvangur 7 til vesturs fyrir uppbyggingarmöguleika á lóðinni.

Forsendur: Á skipulagssvæðinu stendur dvalarheimili aldraðra sjómanna við Hrafnistu. Þar er hæsta byggingin á svæðinu (4 hæðir og ris) og sker hún sig nokkur úr í landslaginu. Suðaustan við dvalarheimilið eru þjónustubúðir að Hraunvangi 1 og 3 sem eru þriggja hæða fjölbýlishús. Norðan til á svæðinu eru byggð einnar hæðar þar- og raðhúsa við Boðahlein og Naustahlein í Garðarbær. Til stendur að ráðast í umfangsmiklar endurbætur og nýbyggingar til þess að bæta lífsgæði íbúanna og fjölga íbúðum og búsettuúrræðum fyrir aldraða Hafnfirðinga. Þegar eru til staðar uppbyggingarheimildir í deiliskipulagi svæðisins.

Opna svæðið OP1 ber heitið Hleinar og Eyrarhraun. Svæðinu er lýst sem útivistarsvæði og er að stórum hluta friðlýst hraunsvæði. Svæðið sem fer undir stækkunnar nýtur hinsvegar ekki veldis vegna náttúru- eða menningarinnja.

Landnotkunarflokkurinn Samfélagsþjónusta er með eftirfarandi almenn ákvæði í kafla 2.2.4 Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025: "Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi eða íbúðum á þessum svæðum nema húsvardaríbúðum í einstökum tilvikum."

Stærðarbreyting á landnýtingaflokkum: Engin breyting verður við töflu á bls. 45 og 59 í greinargerð gildandi aðalskipulags. Stærðir í ha eru óbreyttar þar sem um svo óverulegar breytingar eru að ræða þar sem stærðirnar hafa þegar verið rúnnaðar.


Merking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
S1	Hrafnista	4	Dvalarheimili
OP1	Hleinar og Eyrarhraun	23	Útivistarsvæði. Friðlýst hraunsvæði.

Málsmeðferð: Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og telst hún því óveruleg. Hún felur ekki í sér kynningu á tillögnum né athugasemdafrest fyrir almenning og hagsmunaaðila. Eftirfarandi eru rök fyrir því að farið verði með tillögnum sem óverulega. Á þeim tíma sem gildandi aðalskipulag var unnið var venja að nota lóðarmörk til þess að afmarka landnotkunarreit í stað þess að afmarka þá af m.a. götum og bæjarmörkum, eins og nú er vilji til að gera. Breytingin á reitnum er lítil og hefur ekki áhrif á stórt svæði né einstaka aðila.

Skýringar:


- M Miðbær, miðsvæði
- VP Verslunar- og þjónustusvæði
- S Samfélagsþjónusta
- I Iðnaðarsvæði
- AT Athafnasvæði
- IB Íbúðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- K Kirkjugarðar og grafreitir
- F Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- IP Íþróttasvæði
- ÓB Óbyggð svæði
- AF Afbreytingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagið frestað
- SL Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP Opin svæði til sérstakra nota
- V Vötn, ár og sjór
- VH Veitur og helgunarsvæði
- FS Friðlýst svæði
- ÖN Önnur náttúruverndarsvæði
- HV Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
- R Friðlýstar forminjar
- VB Vatnsbólsvæði
- VG Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- VA Varúðarsvæði
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstigir
- Háspennulína
- Jarðstrengur
- Aðveituað vatnsveitu
- Aðveituað hitaveitu
- Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- Tengivirki
- Spennistöð

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Staðfest af Skipulagsstofnun 10.07.2014, með áorðnum breytingum.

EFTIR



Mörk breytinga 1:15.000

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 STÆKKUN REITS SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA S1 VIÐ HRAFNISTU



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
LILJA GRÉTARSDÓTTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt
2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
þann: 09.10.2024

Rosa Thorsdóttir
Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af
Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann: 10. des 2024

Ólafur Þorsteinsson
Stofnleiðsögurinn

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í
B-deild stjórnartíðinda þann: _____ 2024